

Lög Nemendafélags Menntaskólans í Kópavogi

Almenn ákvæði

1.1

Nafn félagsins er Nemendafélag Menntaskólans í Kópavogi og er skammstafað NMK.

1.2

Heimili þess og varnarþing er í Kópavogi.

1.3

Félagsgjöld skulu innheimt með gíróseðlum í byrjun annar. Einnig er hægt að greiða félagsgjöld hvenær sem er á skólaárinu.

1.4

Við greiðslu félagsgjalda öðlast nemendur MK kosningarétt og kjörgengi í NMK.

1.5

Öllum nemendum MK er heimilt að ganga í NMK greiði þeir tilskilin félagsgjöld.

1.6

Félagar NMK njóta sérkjara innan NMK, fá ódýrara á böll og ókeypis á minni viðburði.

1.7

Verknámsnemar í samningsbundnu iðnnámi teljast nemendur í MK.

Miðstjórn

2.1

Miðstjórn skipa eftirfarandi:

- a) Forseti
- b) Ritari
- c) Gjaldkeri
- d) Margmiðlunarstjóri
- e) Formaður Asks & Emblu
- f) Formaður ÍMK
- g) Formaður Sauðkindar
- h) Formaður Listafjelags
- i) Skemmtanastjóri
- j) Formaður Tyllidaganefndar
- k) Formaður Fyrstabejjarráðs

2.2

Komi fram ágeiningur um málefni í miðstjórn skal hún kjósa um það þar sem einfaldur meirihluti ræður. Kosning skal vera leynileg ef þess er óskað.

2.3

Meðlimir miðstjórnar hafa rétt til að sitja alla fundi sem haldnir eru innan NMK.

2.4

Ef halda þarf miðstjórnarfund utan venjulegs fundartíma skal ritari boða alla miðstjórnarmeðlimi. Ef miðstjórnarmeðlimur er ekki boðaður á fundinn hefur hann rétt til þess að hnekkja einstökum eða öllum ákvörðunum sem teknar voru á fundinum. Skulu þau þá tekin upp aftur á næsta löglega miðstjórnarfundum.

2.5

Miðstjórnarfundur er ekki löglegur nema ef sjö eða fleiri miðstjórnarmeðlimir mættir.

2.6

Miðstjórn getur hnekktt ákvörðunum allra klúbba, nefnda, ráða og embættismanna NMK með einföldum meirihluta á löglegum miðstjórnarfundum.

2.7

Allir meðlimir í NMK geta óskað eftir að sitja einstaka miðstjórnarfundum. Einstaklingur hlýtur þar með tillögurétt, en ekki kosningarétt. Tillögum skal skila inn skriflega með dagsfyrirvara til framkvæmdaráðs.

2.8

Ef upp kemur ágreiningur í miðstjórn sem snertir miðstjórnarmeðlim, skal sá hinn sami ekki hafa kosningarétt.

2.9

Miðstjórn sér um samræmingu á félagslífi í samráði við félagsfulltrúa, þ.e. að sjá um að ekkert stangist á.

2.10

Allir meðlimir miðstjórnar geta krafist fundar og skal fundurinn haldinn eins fljótt og hægt er.

2.11

Miðstjórn skal skila af sér ársskýrslu á aðalfundi á vorönn.

2.12

Hver nefnd skal skila inn ársskýrslu til framkvæmdaráðs.

2.13

Forfallist miðstjórnarmeðlimur skal varamaður hans sitja fundinn.

Fundir

3.1

Nemendafundir

3.1.1

Nemendafundur hefur æðsta vald í öllum málum er varða félagslíf nemenda og skal miðstjórn félagsins sjá um ákvörðunum hans sé framfylgt.

3.1.2

Miðstjórn skal halda nemendafundi þegar þörf krefur. Skal hún kynna fyrirátlanir sínar á fundinum og þar eru endanlegar ákvarðanir teknar í mikilvægum málum.

3.1.3

Nemendafund skal boða með fimm skóladaga fyrirvara á auglýsingatöflum skólans, jafnt á vef sem á skjá.

3.1.4

Miðstjórn er skylt að halda nemendafund innan fimm skóladaga ef 15% félagsmanna óska þess.

3.1.5

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í öllum málum nemendafunda.

3.1.6

Svo framarlega sem nemendafundur er löglega boðaður telst hann löglegur án tillits til mætingar.

3.1.7

Ef óánægja er með samþykktir nemendafundar geta 15% félagsmanna farið fram á fund þar sem ákvörðunin er endurskoðuð.

3.1.8

Almennur nemendafundur getur gert lagabreytingar svo framarlega sem þær eru auglýstar með fimm skóladaga fyrirvara.

3.1.9

Fjárveitingar klúbba skulu afgreiddar á fjárveitingarfundum í upphafi hvorrar annar. Þar skulu allar fjárveitingabeirðir klúbba teknar fyrir og þarf hreinan meirihluta til þess að þær fáiast samþykktar. Fjárveiting skal vera ítarlega sundurliðuð og vera komin til gjaldkera eigi síðar en tveimur dögum fyrir umræddan fund.

3.2

Aðalfundur

3.2.1

Halda skal aðalfund NMK í lok vorannar.

3.2.2

Á aðalfundi skal skila bókhaldi, fundargerðarbók og skýrslu miðstjórnar. Einnig skal skila öllum lyklum og öllum öðrum eigum félagsins.

3.2.3

Á aðalfundi skulu stjórnarskipti fara fram og nýkjörnir taka við völdum.

3.2.4

Á aðalfundi skulu allar nefndir og ráð skila ársskýrslu.

Kosningar

4.1

Ritari NMK er formaður kjörstjórnar. Hann velur þrjá aðra meðstjórnendur í samráði við miðstjórn. Ef ritari er í framboði skal hann víkja úr nefndinni og miðstjórn skipar í staðinn formann kjörstjórnar.

4.2

Kosið er á milli einstaklinga eða hópa eftir því sem við á. Framboð til sömu nefndar eða embættis skulu standa saman á kjörseðli, greinilega merkt og afmörkuð frá öðrum framboðum. Kosningar skulu vera leynilegar.

4.3

Aðeins er heimilt að bjóða sig fram og sitja í einu embætti í senn. Til að gegna embætti verður viðkomandi að vera meðlimur í NMK og nemandi í MK.

4.4

Þurfi forseti að segja af sér tekur ritari við embætti hans og verður kosið í stöðu ritara. Ef ritari/gjaldkeri segja af sér er nýr kosinn í almennum kosningum, þó ekki fyrr en fimm skóladögum eftir að embættið hefur verið auglýst laust.

4.5

Ef aðeins einn einstaklingur eða flokkur eru í framboði, verður sá að fá samþykki meirihluta kjósenda.

4.6

Ef það eru tveir eða fleiri í framboði til miðstjórnar þarf sá sem sigrar að vera með

fleiri heildaratkvæði en auð atkvæði lögð saman við heildaratkvæði þess sem lendir í öðru sæti. Að öðrum kosti verða endurkosningar á milli þeirra tveggja efstu.

4.7

Lýsi 15% féлага NMK vantrausti á embættismann innan NMK skal halda nemendafund innan fimm skóladaga þar sem kosið er um hvort embættismaður þurfi að láta af störfum. Þar skulu forgöngumenn mótmælenda rökstyðja tillöguna og viðkomandi embættismanni gefinn kostur á að verja sig. Hreinn meirihluti atkvæða þeirra sem eru á fundinum þarf að nást til þess að tillagan nái fram að ganga.

4.8

Aðalkosningar skulu fara fram að vori. Þá skal kosið í eftirfarandi embætti:
Einstaklingskosningar

a) Forseti

b) Ritari

c) Gjaldkeri

d) Margmiðlunarstjóri

Nefndakosningar:

e) Skemmtanastjóri, varaskemmtanastjóri og tveir meðstjórnendur.

f) Formaður Asks & Emblu, varaformaður og tveir meðstjórnendur.

g) Formaður ÍMK, varaformann og tvo meðstjórnendur.

h) Formaður Kvikmyndunarnefndar, varaformann og tvo meðstjórnendur.

i) Formaður Liztafjelags, varaformann og tvo meðstjórnendur.

j) Formaður Tyllidaganefndar, varaformann og tvo meðstjórnendur.

k) Formaður Sauðkindar, varaformann, gjaldkera og tvo meðstjórnendur.

l) Ritstjóra, vararitstjóra og tvo meðstjórnendur.

m) Vefstjóri, aðstoðarvefstjóri og tvo meðstjórnendur.

n) Yfirljósmyndari, varaljósmyndari og tvo meðstjórnendur.

4.9

Ef meðlimur ofantalinna nefnda getur ekki gengt starfi sínu út kjörtímabilið þá ber varamanni hans að taka við stöðunni. Hinn nýi formaður skal þá skipa nýjan varamann og nýjan nefndarmeðlim.

4.10

Aukakosningar skulu fara fram í nýnemaferð. Þar skulu kosnir fulltrúar nýnema í allar nefndir sem tilgreindar eru í lið 4.9, nema í einstaklingsembætti.

4.11

Ef eitthvað af embættum er laust skal halda aðrar kosningar um þær nefndir á haustönn. Ef embættið er laust eftir þær kosningar skal miðstjórn skipa fólk í embættið.

Framkvæmdarráð

5.1

Framkvæmdarráð skal skipa eftirfarandi:

- a) Forseti
- b) Ritari
- c) Gjaldkeri

5.2

Allir samningar á vegum NMK skulu vera undirritaðir af meðlim úr framkvæmdarráði. Meðlim úr framkvæmdarráði er aðeins heimilt að gera og skrifa undir samninga sem gilda það tímabil sem hann er í stjórn.

5.3

Forseti er fulltrúi NMK út á við og gagnvart yfirvöldum og nemendum skólans. Forseti er fundarstjóri á miðstjórnarfundum og skal kunna fundarsköp. Forseti skal vera lögráða er stjórnarskipti verða. Forseti skal hafa prófkúru.

5.4

Ritari sér um útgáfustarfsemi miðstjórnar, útgáfu laga og reglugerða. Ritari skal halda dagbók um starfsemi NMK og sjá um fundargerðir á miðstjórnarfundum. Ritari sér um innkaup á skrifstofubúnaði félagsins og ber að útbúa og viðhalda lista yfir eignir NMK. Ritari er varaforseti NMK og í fjarveru forseta skal ritari sinna störfum hans. Ef ritari er ekki lögráða og forseti hættir skal kjósa í embætti forseta.

5.5

Gjaldkeri hefur yfirumsjón með fjármálum félagsins, annast fjárveitingar og skal sjá til þess að eftir sundurliðun fjárveitinga sé farið. Gjaldkera ber að halda bókhald NMK sem skal vera opið öllum. Gjaldkera ber að hafa eftirlit með bókhaldi allra nefnda og ráða innan NMK, enda skal hann hafa aðgang að bókhaldi þeirra. Í lok hvernar annar skal bókhald endurskoðað. Í upphafi hvernar annar skal gjaldkeri gera fjárhagsáætlun og skili yfirliti yfir síðustu önn. Gjaldkeri skal kunna skil á bókhaldi. Gjaldkeri skal vera fjárráða er stjórnarskipti verða. Gjaldkeri skal hafa prófkúru.

Nefndir og ráð

6.1

Nefndir og nýnemaráð NMK skulu starfa eftir reglugerðum.

6.2

Miðstjórn getur breytt reglugerðum nefnda og nýnemaráðs með einföldum meirihluta.

6.3

Allar nefndir og nýnemaráð skulu skila ársskýrslu á aðalfundi.

Skólaráðsfulltrúi

7.1

Skólaráðsfulltrúi skal vera kosinn af miðstjórn í byrjun haustannar.

7.2

Skólaráðsfulltrúi er fulltrúi nemenda og á að fjalla um og gæta hagsmuna nemenda gagnvart stjórn skólans og svo einstakra nemenda.

7.3

Meðlimur framkvæmdaráðs er varafulltrúi í forföllum skólaráðsfulltrúa.

7.4

Skólaráðsfulltrúi skal sitja í miðstjórn án atkvæðisréttar.

Fríðindi

8.1

Embættismenn NMK vinna allir sjálfboðavinnu.

8.2

Miðstjórn og skemmtanastjórn fá frímiða á öll böll og söngkeppni. Framkvæmdarráði er frjálst að úthluta miðum til meðlima sem það telur að hafi unnið til þess.

Um varðveislu laganna

9.1

Lögin skulu varðveitt í tveimur samhljóða eintökum. Annað skal liggja frammi á skrifstofu NMK, nemendum til halds og trausts, og til að hafa við höndina þegar deilumál koma upp sem þarfnast úrskurðar. Hitt eintakið skal varðveitt á skrifstofu skólameistara.

9.2

Varðveisla laganna er á ábyrgð ritara og skal hann færa allar breytingar inn jafnskjótt og þær eru gerðar. Frumrit skal varðveitt á skrifstofu nemendafélagsins.

Gildistaka lagana

10.1

Lög þessi taka gildi mánudaginn 31. mars 2008

10.2

Lögum þessum ber að fylgja.

Lög þessi voru undirrituð 4. apríl 2008 af
Unnari Frey Jónssyni formanni NMK og
Margréti Friðriksdóttur skólameistara